

LÖG
um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögini bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 1. mgr. 45. gr. er framhaldsskólum eftir sem áður heimilt skóla-árin 2009–2010, 2010–2011 og 2011–2012 að innheimta af nemendum sem njóta verklegrar kennslu efnisgjald fyrir efni sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Skal það taka mið af raunverulegum efniskostnaði. Efnisgjald skal þó aldrei vera hærra en 50.000 kr. á skólaári eða 25.000 kr. á önn. Halda skal bókhald um fjárrreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. ágúst 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.

A-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2009